

**623. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 28. nóvember 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Lilja Magnúsdóttir (LM), Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Marinó Bjarnason (MB) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Aðalfulltrúinn Guðlaugur Jónsson boðaði forföll og sat varafulltrúinn Marinó Bjarnason fundinn í hans stað.

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 623 lögmætan.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2023-2026 - 2208067

Viðauki nr. 2 vegna fjárhagsáætlunar 2023-2027 lagður fram til staðfestingar.

Viðauki nr. 2 við fjárhagsáætlun 2023 er samþykktur með þremur greiddum atkvæðum. JIJ og MB sitja hjá.

2. Lántaka 2023 - 2311108

Tillaga um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Sveitarstjórn samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 60.000.000,- til 15 ára. Til tryggingar láninu standi tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna það sem vantar uppá til fjármögnunar samþykktar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins svo sem endurnýjun lagna í vatns- og fráveitu í Túngötu og fleiri verkefni auk þess að fjármagna afborganir á höfuðstóli af lánnum Lánasjóðsins á árinu 2023, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er lagt til að sveitarstjóra verði veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Tálknafjarðarhrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

*Samþykkt með þremur atkvæðum.
JIJ og MB greiða atkvæði á móti.*

3. Fjárhagsáætlun 2024-2027 - 2308091

Fjárhagsáætlun 2024-2027 lögð fram til fyrri umræðu í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og ákvörðun tekin um útsvarshlutfall ársins 2024 í samræmi við 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Jafnframt verða tillögur að gjaldskrá lagðar fram.

Lögð fram tillaga um að útsvarshlutfall fyrir 2024 haldist óbreytt frá fyrra ári og verði 14,74%

Í upphafi umfjöllunar um málið lagði JIJ fram tillögu um að fulltrúar fengju að taka oftari til máls við afgreiðslu þess en kveðið er á um í samþykktum sveitarfélagsins.

Var sú tillaga borin upp og samþykkt með tveimur atkvæðum.

LM greiddi atkvæði á móti og JLM og JÖH sátu hjá.

Oddviti mælti þá svo fyrir að hver sveitarstjórnarfulltrúi hefði leyfi til að taka fjórum sinnum til máls við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir með þremur atkvæðum að útsvarshlutfall fyrir árið 2024 skuli vera 14,74%.

JIJ og MB sitja hjá.

Tillaga oddvita um að gjaldskrá um fasteignagjöld, gjaldskrá félagsþjónustu, gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs og gjaldskrá um hunda- og kattahald verði vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn 12.12.2023; gjaldskrá Tálknafjarðarskóla verði vísað til fræðslunefndar og til síðari umræðu í sveitarstjórn 12.12.2023; gjaldskrá um Íþróttamiðstöð verði vísað til íþróttar-, menningar- og æskulýðsnefndar og til síðari umræðu í sveitarstjórn 12.12.2023; gjaldskrá hafnarsjóðs Tálknafjarðarhrepps verði vísað til atvinnu- og hafnarnefndar og til síðari umræðu í sveitarstjórn 12.12.2023 samþykkt með þremur atkvæðum.

JIJ greiðir atkvæði á móti. MB situr hjá.

Oddviti tekur fram að breytingartillögur við þessar gjaldskrár skulu berast skriflega í síðasta lagi 07.12.2023.

Samþykkt með þremur atkvæðum að vísa fjárhagsáætlun 2024-2027 til síðari umræðu í sveitarstjórn sem fer fram 12.12.2023.

JIJ og MB sitja hjá.

JIJ óskar eftir því að fært verði til bókar að honum finnist ekki við hæfi að sveitarstjóri geri athugasemd við það hvernig kjörnir fulltrúar greiða atkvæði.

4. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi - 2208076

Tillaga að uppfærði Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi lögð fram til fyrri umræðu.

JIJ lagði fram tillögu um að fyrirliggjandi tillögu yrði vísað frá.

Tillaga JIJ um að vísa frá tillögu að uppfærðri Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi samþykkt með þremur atkvæðum.

LM og JLM greiða atkvæði gegn frávísunartillögunni.

Framlögð tillaga er því ekki tekin til frekari umræðu.

5. Uppgjör BsVest - 2311103

Erindi frá Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum dags.

23.11.2023 þar sem óskað er eftir því við sveitar- og bæjarstjórnir aðildarsveitarfélaga BsVest að þær samþykki að uppgjör byggðasamlagsins verði miðað við komandi áramót.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir með fjórum atkvæðum að uppgjör vegna

*BsVest verði miðað við komandi áramót.
JJJ situr hjá.*

6. Vegagerð að Kirkjubraut 8, Tálknafjarðarhreppi - 2311064

Erindi frá Ba 337 ehf. dags. 14.11.2023 varðandi vegagerð að Kirkjubraut 8 í Tálknafjarðarhreppi.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til vinnslu hjá sveitarstjóra.

7. Starfsemi Íþróttamiðstöðvar - 2308069

Tillaga íþróttar-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps varðandi opnunartíma Íþróttamiðstöðvar.

Mál frá 13. fundi íþróttar-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 21.11.2023.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu samhljóða.

8. Tendrun jólaljósa - 2311005

Tillaga íþróttar-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps varðandi tendrun jólaljósa á Tálknafirði.

Mál frá 13. fundi íþróttar-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 21.11.2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu íþróttar-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps varðandi tendrun jólaljósa á Tálknafirði.

9. Breyting á aðalskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinsyrar - 2306283

Tillaga skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps til sveitarstjórnar um tillaga um breytingu á aðalskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinsyrar fái málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál frá 14. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 21.11.2023.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir með fjórum atkvæðum að breyting á aðalskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinsyrar fái málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

MB situr hjá við afgreiðslu málsins.

10. Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinsyrar - 2210466

Tillaga skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps til sveitarstjórnar um tillaga um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinsyrar fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál frá 14. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 21.11.2023.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir með fjórum atkvæðum að breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinsyrar fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

MB situr hjá við afgreiðslu málsins.

11. Dunhagi, framlenging á þaki - 2308039

Afgreiðsla skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps og umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps vegna framlengingar á þaki á húsinu Dunhaga lögð fram til staðfestingar.

Mál frá 14. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 21.11.2023 og 11. fundi umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 23.11.2023.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða afgreiðslu skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps og umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps vegna framlengingar á þaki á húsinu Dunhaga.

12. Íþróttta-, menningar- og æskulýðsnefnd - 13 - 2311003F

Fundargerð 13. fundar íþróttta-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 21.11.2023.

Fundargerðin er staðfest.

12.1 2308069 - Íþróttahús opnunartími Íþróttamiðstöðvar veturinn 2023-2024

12.2 2311001 - Leiga á sal.

12.3 2311005 - Tendrun jólaljósa

12.4 2311017 - Púkinn 2024 - tilnefningar sveitarfélaga og ungmennaráða í stýrihóp

12.5 2308091 - Fjárhagsáætlun 2024-2027

12.6 2310057 - Boð á barnaþing

12.7 2310109 - Bjartur lífsstíll

13. Skipulagsnefnd - 14 - 2311004F

Fundargerð 14. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 21.11.2023.

Fundargerðin er staðfest.

13.1 2306283 - Breyting á aðalskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinsyrar

13.2 2210466 - Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinsyrar

13.3 1706010 - Deiliskipulag - Þinghóll.

13.4 2105001 - Deiliskipulag í Hrafnadal

13.5 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031

13.6 2308039 - Dunhagi, framlenging á þaki

14. Umhverfis- og byggingarnefnd - 11 - 2308005F

Fundargerð 11. fundar umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 23.11.2023.

Fundargerðin er staðfest.

14.1 2310085 - Losunarsvæði fyrir óvirkan úrgang

14.2 2308089 - Afgreiðsluplan við Strandgötu 36

- 14.3 2308060 - Eysteinseyri niðurrif
- 14.4 2308039 - Dunhagi, framlenging á þaki
- 14.5 2311098 - Fóðursíló umsókn um byggingarleyfi
- 14.6 2207047 - Fundargerð vegna sorpsamnings verkfundir

15. Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps - 2205206

Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps staðfest af innviðaráðherra 17.11.2023 lögð fram.

Lagt fram.

16. Fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2024-2027 - 2311109

Fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2024-2027 lögð fram í samræmi við 121 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Lagt fram.

17. Drög að reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 540/2020, um fiskeldi. - 2311062

Erindi frá Matvælaráðuneytinu dags. 14.11.2023 þar sem kynnt er til samráðs mál nr. 233/2023, "Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi".

Lagt fram.

18. Frumvarp til laga um skatta og gjöld (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál. - 2311083

Erindi frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis dags. 17.11.2023 þar sem sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.).

Lagt fram.

19. Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg - 2311106

Erindi frá Matvælaráðuneytinu dags. 14.11.2023 þar sem kynnt er til samráðs mál nr. 245/2023, "Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg".

Samþykkt samhljóða að visa málinu til umsagnar í atvinnu- og hafnarnefnd Tálknafjarðarhrepps.

20. Fjölskylduhjálpi Íslands - 2311093

Erindi frá Fjölskylduhjálpi Íslands móttakið 20.11.2023 varðandi starfsemi samtakanna í kringum jólin 2023.

Lagt fram.

21. Fundargerð verkfunda vegna sorpsamnings - 2207047

Fundargerð 9. verkfundar vegna samnings Kubbs við Vesturbyggð og

623. fundur
01.12.2023

Táknafjarðarhrepps sem fór fram 09.11.2023.

Lagt fram.

22. Fundargerðir Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) 2023 - 2303086

Fundargerð 144. stjórnarfundur Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) sem fór fram 03.11.2023.

Lagt fram.

23. Fundargerðir Samband íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2301063

Fundargerð 937. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 12.11.2023.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:50.

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Marinó Bjarnason (MB)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)